

53. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, 02.07 2013, Végarði kl. 13.30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarnsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann Fr Þórhallsson, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Skýrsla oddvita

2. Skólamál

a) Fundargerð Skólanefndar Hallormsstaðaskóla 21.06

3. Fjallaskarðsskáli

a) Verkfundargerð 13.06

b) Umsögn Minjavarðar Austurlands dags. 03.06 2013, um eldri byggingar í Fjallaskarði

4. Innkaupareglur Fljótsdalshrepps, önnur umræða

5. Drög að samþykkt fyrir byggingarnefnd

6. Endurskoðun aðalskipulags

Drög að tillögu að aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030

7. Brunavarnaráætlun fyrir Brunavarna á Austurlandi

8. Beiðni um stofnun lóðar í landi Hamborgar

9. Lóðaskiptasamningur , vegna Végarðslóðar

10. Samningur um Minjasafn Austurlands, breyting á undirrituðum samningi

11. Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs

Reglur um félagslegt húsnæði, uppfærð gjaldskrá í heimaþjónustu, starfslýsing fyrir heimaþjónustu, nýjar reglur varðandi búsetu og þjónustu við fatlað fólk á sínum eigin heimilum.

12. Gróðrarstöðin Barri, boð um forkaupsrétt í aukningu hlutafjár

13. Drög að lagnagrunni

14. Bréf

a) Helgi Hallgrímsson 13.06

b) EBÍ 11.06

15. Umhverfisstyrkir

Jónas Hafþór Jónsson, Litlu Grund

16. Fundargerðir

- a) Félagsmálanefnd 24.06
- b) Ársfundur Menningarráðs Austurlands 14.05
- c) Aðalfundur Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands 10.06, ásamt ársreikningi fyrir árið 2011 og 2012
- d) Samtök orkusveitarfélaga 16.05-24.05-05.06
- e) Samgöngunefnd SSA 10.06
- f) HAUST 29.05
- g) Byggingarnefnd Fljótsdalshrepps 13.06

17. Önnur mál

1. Skýrsla oddvita

Framkvæmdum við að gera 3fasa rafmagn aðgengilegt í eldhúsi Laugarfellsskála og að leggja sterkari rafmagnstengingu í þvottaherbergi á efri hæð, er lokið. Flóð í Laugará og nærliggjandi lækjum, rauf veg að húsinu fyrir í sumar, bráðabirgðaviðgerð fór fram, en athugandi er að bæta ræsi í veginn eða koma fyrir vörn sem beinir vatni betur í ræsi sem er til staðar. Árleg skoðun á brunavarnarkerfi í skálanum hefur farið fram án annarra athugasemda, en þeirrar að yfirlitsmynd af kerfinu vanti, með staðsetningu allra skynjara. Verktaki byggingarinnar ætlar að koma upp yfirlitsmynd þeirri sem krafa er gerð um.

Samband íslenskra sveitarfélaga minnir sveitarfélög á að allar ríkisstofnanir og sveitarfélög geta tilnefnt verkefni til nýsköpunarverðlauna. Frestur til tilnefninga er til 1. nóvember.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gefið út leiðbeiningar til sveitarfélaga um gerð viðauka við fjárhagsáætlun.

Samband íslenskra sveitarfélaga efnir til námsferðar fyrir sveitarstjórnarmenn til Skotlands 3.-5. september n.k. Tilkynna þarf þátttöku sem fyrst.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sent yfirlit yfir úthlutanir úr Námsgagnasjóði 2013-2014

Félag ljóðaunnenda á Austurlandi mun í sumarlök gefa út ritsafn Guðfinnu Þorsteinsdóttur í fimm bindum og býður ritsafnið á sérstökum kjörum á kr. 19.000,- Þeir aðilar sem kaupa ritið í áskrift fá auk þess nafn sitt birt á heiðurskrá í lokabindi verksins.

Samkvæmt upplýsingum úr Þjóðskrá Íslands hækkar fasteignamat í Fljótsdalshreppi (endurmat 31.05 2013) um 3,5% að meðaltali og landmat um 4,6 %.

Rit og skýrslur sem borist hafa frá síðasta fundi sveitarstjórnar:

LV-2013-067.Áhrif gruggs á vatnalífríki Glúmsstaðarár og Hrafnkelssár, niðurstöður vöktunar 2012. Útgefandi Landsvirkjun.

Lokaskýrslu vegna ráðstefnu UMFÍ- Ungt fólk og lýðræði. Útgefandi UMFÍ

Vöktun hreindýrastofnsins 2012 og tillaga Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta og ágangssvæði 2013. Útgefandi Náttúrustofa Austurlands.

Kísilþörungur og smádýr í Lagarfljóti 2006-2007. Útgefndur, Náttúrustofa Kópavogs, Veiðimálastofnun og LV.

Afmælisrit Íþróttafélagsi Hugins, Seyðisfirði , útgefið í tilefni af 100 afmæli. Þakkir fylgja fyrir stuðning Fljótsdalshrepps.

Er alaskalúpína eða skógarkerfill í þínu nágrenni? Útgefandi stýrihópur um alaskalúpínu og skógarkerfil 2012. – Sveitarstjórn hvetur landeigendur og ábúendur jarða til þess að bregðast við og fyrirbyggja að skógarkerfill ná að breiðast út.

2. Skólamál

Fundargerð Skólanefndar Hallormsstaðaskóla 21.06. Kynnt .

Sveitarstjórn tekur undir með skólanefnd sem lýsir yfir verulegum áhyggjum af niðurstöðum Skólalúpsins úr viðhorfskönnunum foreldra, nemenda og starfsfólks , skólaárið 2012-2013. Sveitarstjórn telur mikilvægt að unnið verði markvisst að úrbótum og verði það eitt af þeim verkefnum sem unnið verði að á fyrri hluta komandi skólaárs.

Skólanefnd leggur til að yfirstjórn Hallormsstaðaskóla verði færð undir Egilsstaðaskóla skólaárið 2013-2014. Sveitarstjórn ítrekar bókun sveitarstjórnar frá 11. júní um að ekki sé raunhæft að gera grundvallarbreytingar á skólastarfinu með svo skömmum fyrirvara, en sveitarstjórn hefur vísað tillögunni til skólaráðs til umsagnar. Starfshóp um framtíðarskipulag Hallormsstaðaskóla hefur verið falið að starfa áfram og mun hann skila tillögum í haust.

Skipulag næsta skólaárs m.t.t. fækkunar á nemendum mun vera í vinnslu hjá fræðslufulltrúa og skólastjórnendum. Sveitarstjórn óskar eftir að fá tillögur um fyrirkomulag/skipulag skólastarfs næsta skólaárs þegar þær liggja fyrir.

3. Fjallaskarðsskáli

- a) Verkfundargerð 13.06. Kynnt. Samþykkt að semja við HT-hús um smíð á kojum í skálann. Verð per stk um 130 þús með uppsetningu. Samþykkt að settur verði upp lítill milliveggur milli tveggja koja, sem standa þétt saman í svefnal.
- b) Umsögn Minjavarðar Austurlands dags. 03.06 2013, um eldri byggingar í Fjallaskarði. Eftir ferð sem farin var sumarið 2012. Kynnt. Mögulegar framkvæmdir við endurbyggingu húsanna verða skoðaðar í tengslum við fjárhagsáætlunargerð næsta árs.

4. Innkaupareglur Fljótsdalshrepps, önnur umræða . Lagðar fram og samþykktar samhljóða.

5. Drög að samþykkt fyrir byggingarnefnd. Lögð fram drög og þeim vísað til umsagnar í skipulags-og byggingarnefnd.

6. Endurskoðun aðalskipulags

Drög að tillögu að aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030

Kynningarfundur um tillöguna var haldinn 26. júní, en mæting var dræm. Tillagan rædd og skoðuð meðfylgjandi kort. Hvatt er til athugasemda og ábendinga við drögin, en stefnt er að því að tillaga verði tilbúin til auglýsinga á síðari hluta ársins.

Þorvarður þurfti að vikja tímabundið af fundi og Lárus tók við fundarritun

7. Brunavarnaráætlun fyrir Brunavarnir á Austurlandi.

Að hálfu sveitastjórnar Fljótshrepps er brunavarnaráætlunin samþykkt, en fyrirvari er þó gerður við fjárfestingaráætlun fyrir Brunavarnir á Héraði, þannig að fjárfestingar verði í samræmi við fjárhagsáætlanir viðkomandi sveitarfélaga. Oddvita falið að koma því á framfæri og öðrum ábendingum sem til umræðu voru, um sinuklöppur og skýrari mörk á heitinu Fljótshérað og Hérað til aðgreiningar frá Sveitarfélaginu Fljótshéraði.

8. Beiðni um stofnun lóðar í landi Hamborgarness. Samkvæmt samtali oddvita við Þjóðskrá eru gögn sem fylgja beiðninni þess eðlis að ekki er hægt að stofna umbeðna lóð. Oddvita falið að endursenda gögnin með skýringum um hvað uppá vantar, svo að hægt verði að afgreiða málið.

9. Lóðaskiptasamningur, vegna Végarðslóðar. Samningurinn og yfirlýsing er gerð vegna mannvirkja Fljótshrepps á lóðinni. Gögnin eru unnin af Magnúsi Jónassyni. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að samningi og felur oddvita að skrifa undir fyrir hönd sveitarfélagsins.

10. Samningur um Minjasafn Austurlands, breyting á undirrituðum samningi. Vegna athugasemda safnaráðs verður að gera breytingar á undirrituðum samningi. Sveitarstjórn samþykkir þær fyrir sitt leiti og oddvita er falið að skrifa undir nýjan samning.

Þorvarður kemur aftur til fundar og tók við fundarritun.

11. Félagsþjónusta Fljótshéraðs

Reglur um félagslegt húsnæði, uppfærð gjaldskrá í heimaþjónustu, starfslýsing fyrir heimaþjónustu, nýjar reglur varðandi búsetu og þjónustu við fatlað fólk á sínum eigin heimilum. Samþykkt af hálfu Fljótshrepps.

12. Gróðrarstöðin Barri, boð um forkaupsrétt í aukningu hlutafjár. Sveitarstjórn samþykkir að nýta ekki forkaupsrétt til hlutafjárkaupa.

13. Drög að lagnagrunni. Drögin kynnt og eru til skoðunar.

14. Bréf

c) Helgi Hallgrímsson 13.06. Kynnt. Varðar ritun Fljótshrepps.

d) EBÍ 11.06. Varðar styrki EBÍ, umsóknarfrestur er til ágústloka.

15. Umhverfisstyrkir

Jónas Hafþór Jónsson, Litlu Grund. Samþykktur hámarksstyrkur.

16. Fundargerðir

a) Félagsmálanefnd 24.06. Kynnt.

- b) Ársfundur Menningarráðs Austurlands 14.05. Kynnt.
- c) Aðalfundur Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands 10.06, ásamt ársreikningi fyrir árið 2011 og 2012. Kynnt. Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps samþykkir niðurlagningu Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands í samræmi við tillögur að lagabreytingum sem samþykktar voru á aðalfundi Atvinnuþróunarsjóðs 10. Júní 2013, 3. dagskrárliður. Gert er ráð fyrir stofnun sambærilegs sjóðs innan vébanda Austurbrúar ses.
- d) Samtök orkusveitarfélaga 16.05-24.05-05.06. Kynntar.
- e) Samgöngunefnd SSA 10.06. Kynnt.
- f) HAUST 29.05. Kynnt.
- g) Byggingarnefnd Fljótsdalshrepps 13.06. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

17. Önnur mál.

- a) Eigendur Arnheiðarstaða hafa komið fram með ósk um að lagt verði bundið slitlag á veg framhjá bænum. Vísað í bókun á sveitarstjórnarfundum 4. Júní sl. um að í samgönguáætlun Vegagerðarinnar er gert ráð fyrir fé til framkvæmda, á vegi frá Geitagerði að Skeggjastöðum alls á 5,5 km kafla, árið 2014
- b) Rætt um að gera þurfi lagfæringu á reiðvegi við Hantó, vegna bleytukafla þar. Einnig rætt um að við endurbætur vega þurfi að horfa til umferðar hestamanna. Í sumar er áætlað að vegur milli Hrafnkelsstaða og Vallholts verði endurbyggður, oddvita falið að koma ábendingu til Vegagerðarinnar um að nauðsynlegt sé að gera ráð fyrir reiðleið á þeim kafla.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Fundargerð rituðu Þorvarður og Lárus

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)